

ÁKÆRA

RÍKISSAKSÓKNARI

gjörir kunnugt:

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

X
og
Landspítala

fyrir manndráp af gáleysi, og gegn X að auki fyrir brot á hjúkrunarlögum, með því að X, í starfi sínu sem hjúkrunarfræðingur, á kvöldvakt, sem hún vann í beinu framhaldi af dagvakt, á gjörgæsludeild Landspítala við Hringbraut, miðvikudaginn 3. október 2012, við umönnun Y, láðist að tæma loft úr kraga (belg) barkaraufarrennu (barkaraufartúbu) þegar hún tók Y úr öndunarvél og setti talventil á barkaraufarrennuna. Ákærðu var vel kunnugt um að henni bar að tæma loftið úr kraganum, líkt og vinnulýsing um notkun talventilsins kveður á um. Afleiðingar þessara vanrækslu urðu þær að Y gat einungis andað að sér lofti en ekki frá sér, fall varð á súrefnismettun og blóðþrýstingi Y og hann lést skömmu síðar.

Þegar ákærða kom á umrædda kvöldvakt og tók við umönnun Y framkvæmdi hún ekki öryggiseftirlit á vaktara (monitor) sem mælir súrefnismettun í blóði, en ákærða veitti því ekki athygli að slökkt var á öryggishljóði vaktarans, sem ella hefði gefið til kynna þegar Y fór að falla í súrefnismettun. Nefnt eftirlit var hluti af starfsskyldum ákærðu samkvæmt verklagsreglum spítalans sem ákærða þekkti vel til. Ákærða fór að aðstoða við umönnun annars sjúklings í samliggjandi sjúkrastofu strax eftir að hún hafði sett Y á talventil og fylgdist ekki með því hvort hann gæti andað frá sér lofti um munn og nef líkt og nauðsynlegt var, og vinnulýsing um notkun talventilsins, sem henni bar að kynna sér, mælir fyrir um. Þá lét ákærða þann hjúkrunarfræðing sem eftir varð á stofunni með Y ekki vita að hún hefði sett hann á talventil. Þessi vanræksla ákærðu stuðlaði enn frekar að því að mannsbani hlaust af gáleysi hennar.

Teljast brot ákærðu X varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 5. gr., sbr. 10. gr., hjúkrunarlaga nr. 8/1974.

Telst framangreind háttsemi varða Landspítala refsíabyrgð samkvæmt 215. gr., sbr. 19. gr. d., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

A gerir þær kröfur að ákærðu verði dæmd til að greiða henni bætur fyrir missi framfæranda að fjárhæð kr. 7.493.600, miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000 og bætur fyrir útfararkostnað að fjárhæð kr. 331.006, auk vaxta frá 3. október 2012 til greiðsludags.

B gerir þær kröfur að ákærðu verði dæmd til að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr.

1.500.000 og bætur fyrir útfararkostnað að fjárhæð kr. 220.649, auk vaxta frá 3. október 2012 til greiðsludags.

C kt. 220271-3829, gerir þær kröfur að ákærðu verði dæmd til að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000 og bætur fyrir útfararkostnað að fjárhæð kr. 220.649, auk vaxta frá 3. október 2012 til greiðsludags.

D gerir þær kröfur að ákærðu verði dæmd til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000 og bætur fyrir útfararkostnað að fjárhæð kr. 220.649, auk vaxta frá 3. október 2012 til greiðsludags.

Skrifstofu ríkissaksóknara, Reykjavík, 20. maí 2014

Sigríður J. Friðjónsdóttir